

Peningamál 2021 | 4



Almenn kynning




Þórarinn G. Pétursson
Aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands



Ytri skilyrði og innlent raunhagkerfi

Hægfara bati útflutnings eftir áföll síðasta árs



- Útflutningur jókst um 7,5% milli fjórðunga á Q2/2021 en H1 var lakari en spáð var í PM 21/3
- Q3 var hins vegar sterkari: þreföldun ferðamanna milli ára og 550 þús. það sem af er ári: spáð 720 þús. á árinu (680 í PM 21/3)
- Horfur fyrir næsta ár batna hins vegar vegna aukins fjölda ferðamanna og mun betri horfa í loðnuveiði



1. Árstíðarleiddar magnvísitölur. 2. Uppsafnaður fjöldi hvers árs. Punkturinn sýnir heildarfjölda 2021 samkvæmt grunnsþá Seðlabankans. 3. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Ferðaþjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Áútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Grunnsþá Seðlabankans 2021-2024. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/3. Heimildir: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hagvöxtur undir væntingum á fyrri hluta ársins ...

- Samdráttur einkaneyslu milli fjórðunga á Q2 kom á óvart og var ársvöxtur hennar á H1 því minni en í PM 21/3 (4,7% í stað 5,2%)
- Endurskoðaðar tölur Hagstofunnar sýna að samdráttur VLF á Q1 var minni en fyrstu tölur bentu til en bati á Q2 olli vonbrigðum
- Hagvöxtur á fyrri hluta ársins var 3,5% en í PM 21/3 var gert ráð fyrir 4,7% vexti




1. Við útreikning á hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur. Árstíðarleiðrétt gögn. 2. Árstíðarleiðrétt gögn. Gögn fyrir röðina PM 2021/3 sýna mælingar Hagstofu Íslands frá ágúst sl. að 2. ársfj. 2021 undanskildum sem sýnir grunnspá PM 2021/3.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


... en betri horfur á næsta ári þótt óvissa sé mikil

- Talið að árshagvöxtur hafi verið 6½% á Q3 og að hann verði meiri á H2 en spáð í ágúst – en horfur fyrir árið í heild breytast lítið
- Horfur fyrir 2022 batna töluvert: 5,1% vöxtur í stað 3,9% – hagstæðari þjónustuútflutningur og loðnuvertið vega þungt
- Fari sparnaður heimila í sama stig og fyrir farsóttina myndi einkaneysla vaxa hraðar og hagvöxtur næsta árs fara í 6%

Hagvöxtur og framlag undirliða 2018-2024¹






Fráviksdæmi þar sem heimilin ganga hraðar á sparnað



1. Grunnspá Seðlabankans 2021-2024. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/3.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Aukin atvinna og hröð hjöðnun atvinnuleysis

- Samkvæmt VMK fjölgaði störfum um 4,3% milli ára á Q3 en á móti stýttist vinnuvikan um 0,8% ... fjöldi starfa kominn 2% yfir meðalfjölda 2019 og atvinnuþátttaka á svipað stig – en skv. staðgreiðslugögnum vantar enn 2½% upp á að ná fjölda starfa 2019
- Atvinnuleysi heldur áfram að minnka og var 4,6% á Q3 (VMK) en 5,1% í október (VMST) ... spáð áframhaldandi lækkun






1. Launafólk samkvæmt tölum úr staðgreiðsluskrá Skattsins en önnur gögn úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands. Fólk á aldrinum 16-74 ára. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna. 2. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna. 3. Atvinnuleysi miðað við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK) og skráð atvinnuleysi Vinnumálastofnunar án hlutabóta (VMST). Grunnspá Seðlabankans 2021-2024. Brotalínur sýna spá frá PM 2021/3.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Lausum störfum fjölga og vaxandi skortur á fólki

- Lausum störfum heldur áfram að fjölga hratt og tæplega þriðjung fleiri fyrirtæki vilja fjölga starfsfólki en fækka því
- Fyrirtækjum sem segjast búa við skort á starfsfólki eða starfa við full afköst fjölga einnig mikið
- NF-vísitalan jákvæð í fyrsta sinn síðan haustið 2018 ... og hreinn innflutningur erlends vinnuafls er tekinn að aukast hratt á ný



1. Laus störf skv. fyrirtækjakönnun Hagstofu Íslands og hlutfall fyrirtækja sem vilja fjölga eða fækka starfsfólki næstu 6 mánuði er úr könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins og eru gögnin árstíðarleiðrétt af Seðlabanka Íslands. 2. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðsluþátta byggjast á viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Vísitala nýtingar framleiðsluþátta (NF-vísitalan) er fyrsti frumþáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðsluþátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2.

Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.




Verðbólga

Mæld verðbólga yfir 4% en undirliggjandi er minni

- Verðbólga hefur verið yfir 4% frá áramótum og mældist 4,5% í október ... hefur aukist lítillega síðustu tvo mánuði
- Án húsnæðis mælist hún minni eða 3% og hefur hjaðnað nokkuð undanfarið (er þó meiri miðað við samræmdu vísitöluna)
- Undirliggjandi verðbólga hefur einnig minnkað og mælist minni en mæld verðbólga – sérstaklega m.v. klippt meðaltal og miðgildi


Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2019 - október 2021



Mæld og undirliggjandi verðbólga¹

Janúar 2019 - október 2021




1. Við útreikning á klipptu meðaltali er þeim undirliðum sem breytast mest í einstaka mánuðum sleppt en vegið miðgildi mælir miðgildi verðbreytinga allra undirliða VNV. Meðaltalið sýnir meðaltal 5 ólíkra mælikvarða á undirliggjandi verðbólgu.

Miklar verðhækkanir alþjóðlega ...

- Samspil kröftugs efnahagsbata og viðvarandi framboðstruflana og flöskuhálsa hefur leitt til mikillar hækkunar hrávöruverðs og flutningskostnaðar: hrávöruverð (án eldsneytis) var næstum 90% hærra en fyrir ári í maí og útflutningsverð helstu viðskiptalanda tæplega 20% hærra ... og gámaverð var 550% hærra í nóvember en í ársbyrjun 2020


Útflutnings- og hrávöruverð¹

Janúar 2014 - ágúst 2021



Alþjóðlegt flutninga- og hrávöruverð²

Janúar 2020 - nóvember 2021






1. Útflutningsverð og hrávöruverð í Bandaríkjadöllum. Útflutningsverð er vegið útflutningsverð þróaðra ríkja. 2. Landbúnaðarafurðir skiptast í matvæli (62%), drykkjarvörur (13%) og hráefni (25%). Verðvísitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. Gögn til og með 12. nóvember 2021.

Heimildir: Alþjóðabankinn, CPB World Trade Monitor, Freightos Limited.

... sem hafa verið langt umfram spár



- Olíuverð hefur hækkað mikið undanfarið og mun meira en búist var við – hefur ekki verið hærra síðan seint árið 2014 ...
- ... hið sama á við um annað hrávöruverð, útflutningsverð helstu viðskiptalanda og verð á innflutningi til landsins ...
- ... og verðbólga hefur rokið upp um allan heim á skömmum tíma og hefur ekki verið meiri í Bandaríkjunum í þrjá áratugi



1. Hrávöruverð utan eldsneytis í Bandaríkjadöllum. Útflutningsverð er vegið meðalverð vöru- og þjónustuútflutnings helstu viðskiptalanda. Innflutningsverð Íslands er í erlendum gjaldmiðlum (miðað við viðskiptavegna gengisvísitölu).
Heimildir: Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.

Gengi ISK hærra en fyrir ári en launaþrýstingur mikill




- Gengi krónu hefur hækkað um 1% frá áramótum en er þó enn 7½% lægra en í upphafi faraldurs
- Um 7½% hækkun ISK frá því það var lægst í sept. 2020 vegur á móti 7% árshækkun launa að meðaltali frá því að farsóttin skall á
- Mikil hækkun launa og innfluttra aðfanga veldur því að æ fleiri fyrirtæki búast við hækkun aðfanga- og afurðaverðs



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog). 2. Könnun Gallup frá því mars. Brotnar línur sýna meðaltöl frá 2003.
 Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hröð hækkun húsnæðisverðs ... eins og alþjóðlega

- Árshækkun húsnæðisverðs var 16,6% í september og um þriðjungur eigna selst yfir ásettu verði
- Hækkun húsnæðisverðs frá miðju ári hefur verið umfram það sem hægt er að skýra með undirliggjandi grunnþáttum ...
- ... en er þó ekki úr takti við það sem sést í fjölda annarra þróaðra ríkja



1. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall íbúða sem seldar eru yfir auglýstu söliverði af heildarfjölda íbúða á sölu. Þriggja mánaða hlaupandi meðaltal. 2. Spáð ársbreyting húsnæðisverðs út frá kvikri (e. dynamic) spá frá 1. ársfj. 2020 til 3. ársfj. 2021 með húsnæðisverðsjöfnu áþekkri húsnæðisverðsjöfnu þjóðhagslíkans Seðlabankans metinni fyrir tímabilið 3. ársfj. 2001 - 4. ársfj. 2017. 3. Árshækkun húsnæðisverðs á 3. ársfj. 2021 á Íslandi og í Kanada en 1. ársfj. 2021 í Nýja-Sjálandi og 2. ársfj. 2021 í öðrum löndum.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkar á ný

- Skammtímaverðbólguvæntingar hafa hækkað á suma mælikvarða og eru yfir verbólguþéttinu – eins og mæld verðbólga
- Langtímaverðbólguvæntingar virtust vera að lækka aftur í haust en virðast vera teknar að hækka á ný m.v. við verðbólguálagið
- Langtímavæntingar heimila hafa einnig hækkað en markaðsaðilar vænta þess enn að verðbólguþéttinu haldi til lengdar


Verðbólguvæntingar til 2 og 5 ára¹

1. ársfj. 2018 - 4. ársfj. 2021



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði²


Janúar 2018 - nóvember 2021



1. Kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja og Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Miðgildi svara. 2. Meðaltal mánaða.
Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguhorfur versna og hætta á vanspá

- Verðbólga var 4,3% á Q3 (4,2% í PM 21/3) og eykst í 4,7% á Q4 en minnkar á ný í 4,4% á Q1/2022 ... verri horfur skýrast af lakari upphafsstöðu, meiri innfluttri verðbólgu, lægra gengi ISK, minni slaka og meiri hækkun launa og húsnæðisverðs
- Verðbólga gæti orðið þrálátari ef langvarandi framboðshnökrar og meiri innflutt verðbólga grafa undan kjölfestu væntinga



Peningamál í hnotskurn



Framleiðslu-
truflanir
dragbítur á
alþjóðlegan
efnahagsbata



Útflutnings-
horfur batna –
sérstaklega
vegna aukins
loðnukvóta



Meiri hagvöxtur
á seinni hluta
þessa árs og á
næsta ári en
spáð var í ágúst



Störfum heldur
áfram að fjölga
og atvinnuleysi
minnkar hratt



Verðbólga
þrálátari en
spáð var og
horfur halda
áfram að versna



Mikil óvissa –
ekki síst tengt
verðbólgu-
horfum



Ritið í heild



Kynning aðalhogfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Tíst



Facebook